

Fundargerð starfskjaranefndar
Sameykis stéttarfélags í almannajónustu
og
Reykjavíkurborgar

Fundur starfskjaranefndar Sameykis og Reykjavíkurborgar var haldinn mánudaginn 25. nóvember 2024 og hófst kl.10:00 .

Fundinn sátu: Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, Ingólfur Björgvin Jónsson, Jenný Þórunn Stefánsdóttir og Herdís Jóhannsdóttir f.h. Sameykis. Kolbeinn Guðmundsson, Einar Geir Þorsteinsson og Íris Jóhannsdóttir, f.h. Reykjavíkurborgar.

1. Undirbúningstímar

Fulltrúar Reykjavíkurborgar staðfesta að undirbúningstímar starfsmanna með deildarumsjón í leikskóla eru 8 klukkustundir á viku miðað við fullt starf.

Skóla- og frístundasvið ber ábyrgð að gefa út leiðbeinandi viðmið um undirbúningstíma deildarstjóra og þeirra starfsmanna í leikskólum sem fengin eru verkefni sem krefjast undirbúnings, sjá gr. 2.2.3.1 í kjarasamningi aðila. Það er á ábyrgð skóla- og frístundasviðs að uppfæra leiðbeinandi viðmið eftir reynslu og því sem faglegt starf þróast – neðangreind viðmið eru í dag

Viðmið um undirbúningstíma deildarstjóra

Undirbúningstími starfsmanna með **deildarumsjón** í leikskólum eru 8 klukkustundir á viku miðað við fullt starf.

Leikskólastjóri og **deildarstjóri** skipuleggja að hausti hvar í vikulegu vinnuskipulagi **deildarstjóra** undirbúningstíma hans er best fyrirkommið út frá skipulagi leikskólastarfsins.

Í þeim tilvikum sem leikskólastjóri óskar eftir því að **deildarstjóri** sinni öðrum störfum á þeim tíma sem hann samkvæmt vikulegu vinnuskipulagi á að sinna undirbúningi skal undirbúningurinn færast til innan vinnudagsins eða vinnuvikunnar. Ef því verður ekki við komið getur daglegur/vikulegur undirbúningur færst til og hann unninn utan dagvinnumarka og eykst þá vikulegt/daglegt vinnuframlag sem því nemur. Undirbúningstími sem unninn er utan dagvinnumarka samkvæmt fyrirmælum leikskólastjóra skal greiða með yfirvinnu samkvæmt stimplunum í vinnustund.

Viðmið vegna undirbúningstíma starfsmanna sem falin eru ákveðin verkefni sem krefjast undirbúnings.

Lengd undirbúningstíma ræðst af því hvaða verkefni og/eða hversu mörg verkefni, sem krefjast undirbúnings, starfsmanni er falið að sinna af stjórnanda. Alla jafna skal leitast við að undirbúningur sé samfelldur þar sem því verður viðkomið starfsins vegna. Eftirfarandi eru viðmið um verkefni sem almennt krefjast undirbúnings.

Verkefni	Undirbúningstími
Stundir með börnum nokkra daga í viku*	1 tími aðra hvora viku
Sinnir ákveðnu verkefni innan deildar**, stundir með börnum alla daga og/eða sér um hópastarf eins hóps	1 tími á viku
Stundir með börnum alla daga/oft á dag, hópastarf og/eða ákveðin verkefni**	2 tímar á viku

*t.d. samverustund, lubbastund, jógastund, málörvunarhópur, könnunarleikur o.þ.h.

** ákveðið verkefni getur t.d. innifalið að starfsmaður sé meðlimur í teymi sem krefst sérstaklega undirbúnings, haldi utan um ákveðna þætti innan deildarinnar sem krefjast sérstaklega undirbúnings eða framkvæmi ákveðna þætti í þróunarverkefnum og slíkt.

2. Önnur mál

- Engin önnur mál

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.10:30